

ÁRSSKÝRSLA 1965
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS .

Stjórn.

Stjórn K.K.I. var þannig skipuð á árinu: Bogi Þorsteinsson formaður, Magnús Björnsson varaform., Gunnar Petersen féhirðir, Práinn Scheving funderritari, Gunnar Hansson bréfritari, Halldór Sigurðsson form. faga- og leikréglanefndar og Helgi Ágústsson form. útbreiðslunefndar.

Alls voru haldnir 33 bókaðir stjórnarfundir á árinu, auk funda með blaðamönum og landsliðsmönum.

Stjórnarstörf.

Eins og undanfarin ár, var fjárlögun eitt af aðal verkefnum stjórnarinnar. Aflað var auglýsinga í leikskrá og útbreiðslustyrkur sá, er kom í hlut KKÍ af tóbaksskatti ISI, gerði sambandinu mögulegt, í fyrsta skipti, að styrkja körfuknattleiks-menn á námskeið erlendis. Ennfremur greiddi sambandið ferðakostnað dómara á leiki bikarkepninnar og á dómaranámskeið á Akureyri.

Eins og í fyrra, sá stjórn KKÍ um framkvæmd Íslandsmótsins, sem verður eftir því umfangsmeira, sem líðum fjölgar.

Mikil vinna var við undirbúning utanfarar landsliðsins í keppnisför til Bandaríkjanna og Kanada og bréfaskriptir innan-lands og utan, fara vaxandi með ári hverju.

A árinu var gengið frá samningi við Iþróttakennaraskóla Íslands, um þjálfaranámskeið. Er samningurinn í heild birtur síðar í skýrslunni, en stjórn KKÍ hyggur að hér hafi verið stigið spor, er geti orðið heilladrjúgt fyrir framgang körfuknattleiks-þróttarinnar hér á landi.

Körfuknattleiksráðstefna F.I.B.A., Varna, Búlagriu.

Magnús Björnsson, varaform. KKÍ, sótti hina árlegu ráðstefnu Evrópu- og Miðjarðarhafsdeildar FIBA, sem að þessu sinni var haldin í bænum Varna, á Svartahafsströnd Bulgariu.

Ráðstefnuna sóttu fulltrúar 32 þjóða af svæðinu og voru þar mörg mál rædd, m.a. er snerta okkur beinlinis.

Noregur var nú samþykktur í FIBA og eru þá allar Evrópusþjóðir orðnar aðilar að alþjóðasambandinu og heildartala meðlima þess komin upp í 119 og er FIBA því fjölmennasta íþróttasamband í heimi í dag.

Magnús veitti Finnnum brautargengi við að fá að halda næsta Evrópumeistaramót árið 1967. Með góðri samstöðu Norðurlanda og nokkurra þjóða Vestur-Evrópu fékkst þetta samþykkt og verður EM haldið í Helsinki 1967.

Polar Cup keppnin fékkst í fyrra samþykkt, sem undanrási í einum riðli EM. Þar sem Þinnar sjá um keppnina 1967, þá ganga þeir beint inn í keppnina, án undankeppni. Tvö efstu lið P.C. hljóta rétt til þátttöku í 16 liða úrslitakeppni. Þar sem Svíar unnu engan leik á EM í Rússlandi s.l. sumar, þá taldi þingið að P.C. væri of veikur riðill til að senda 2 lið auk Finna. Munu því annaðhvort Vestur-Þjóðverjar eða Fólverjar keppa við okkur, Svíar, Norðmenn og Dani, um þessi tvö sæti. Þar sem Ísland tapaði fyrir Svíþjóð með aðeins 6 stigum á síðasta PolarCup, er ekki loka fyrir skotið, að Ísland geti hlotið annað sætið og komist á EM í Finlandi

Ennfremur var á ráðstefnunni ræða í riðla í undanrásum EM unglingslandsliða. Ísland lenti í riðli með Finnlandi, Svíþjóð,

Pólland og Vestur-Pýskalandi. Keppnin fer fram í Finnlandi. Nýlega barst okkur tilkynning frá Finnum um að keppni þessi skuli fara fram 7-11 apríl n.k. Þar sem þetta eru sömu dagarnir og P.C. keppnin fer fram í Kaupmannahöfn, þá hefir stjórn KKI mótmælt þessu harðlega og krafist að keppnin fari fram um áramótih. Þeðir er eftir svari frá Finnum.

Evrópu Cup, meistaraliða.

Síðastliðinn veturna tóku Íslandsmeistarar I.R. í fyrsta skipti þátt í Evrópubikarkepphi meistaraliða.

ÍR-ingar voru heppnir með mótherja í fyrstu umferð. Mættu þeir Íslandsmeisturunum, Collegians B.C., Belfast, og sigruðu glæsilega í báðum leikjunum. Fleiknum, sem fram fór hér heima, en leikið var í íþróttahúsinu á Keflavíkurflugvelli, sigraði ÍR 71:17 og síðari leikinn sem fram fór í Belfast unnu þeir 74:42. Þeim leik var sjónvarpað um allar Bretlandseyjar.

Hér er um mjög glæsilegann árangur að ræða hjá ÍR-ingum, sem vakti ef til vill meiri árangur erlendis heldur en hér heima.

Gaman er að minnast þess, að ÍR-ingar urðu fyrstir íslenzkraliða til að komast í aðra umferð í slíkri keppni.

I 2. umferð mættu ÍR-ingar hinsvegar ofurefli, frönsku meisturunum A.S.V.E.L., sem sigruðu í báðum leikjunum, 74:42 hér heima og 84:19 í Frakklandi.

Núverandi Íslandsmeistarar K.R. hafa einnig tilkynnt þátttökú í Evrópubikarnum í veturn. Mæta þeir sænsku meisturunum Alviks B.C. og takist þeim að sigra í þeirri viðureign, þá bíða þeirra skemmtilegir mótherjar, eða sjálfir bikarmeistararnir, hið heimsfræga lið, Real Madrid.

Unglingalandsliðið.

Helgi Jóhannsson, hinn gamalkunni landsliðspjálfari, tók að sér að velja 14 piltar, til þjálfunar og æfinga, vegna væntanlegs unglingslandsliðs. Flestir nuna ennþá, hinn glæsilega árangur, sem Helgi náði með unglingslandsliði í París 1963, er liði sigraði England og Luxemburg og náði beztum árangri gegn Frökkum, en Frakkar urðu síðan í öðru sæti, næstir á eftir Sóvétríkjunum í úrslitakeppninni í Italíu.

Sjö piltar voru valdir til æfinga frá ÍR, 3 KRingar, 2 frá KFR og 1 frá hvorum, Ármanni og UMF Laugardæla.

Efingar hafa farið fram í KR-húsinu, en nú um þessa helgi verða þær fluttar í hið glæsilega nýja íþróttahús Réttarholtsskóla.

Gjöf til iKKI frá Savannatríóinu.

Skönumu áður en landsliðið lagði upp í Bandaríkjaför sína, færði Savannatríóið KKI að gjöf, 20 eintök af þjóðlag-a-hljómplötum sinni. Var öllum þeim liðum, sem keppt var við í vesturförinni, svo og nokkrum einstaklingum, fært eintak af hljómplötunni að gjöf. Er óhætt að fullyrða, að hér var um óvenju góða landkynning að ræða og létu viðtakendur óspart í ljósi ánægju sína með gjöfina.

Stjórn KKI þakkar þeim félögum í Savannatríóinu, þess höfðinglegu gjöf og metur að verðleikum, þessa óvenjulegu hugulsemi.

Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd K.K.Í. störfuðu þeir Porkell Steinar Ellertsson og Einar Ólafsson, auk formanns nefndarinnar Helga Ágústssonar.

1. Bikarkeppni:

Megin verkefni nefndarinnar varð skipulagning og undirbúningur bikarkeppninnar.

Nefndin varð sammála um, að bezti tilgangur keppninnar væri aukin þátttaka utanbæjarliða, en körfuknattleikur hefur átt sívaxandi vinsældum að fagna á landsbyggðinni, en liðum þar einungis veitzt staðbundin keppnisreynsla.

Bezta fyrirkomulag keppninnar var talin vera svæðakeppni og kæmu þau lið, er sigruðu innan síns svæðis til úrslitakeppni, en í því augnamiði, að fækka löngum og erfiðum ferðalögum keppenda, var ákveðið, að stjórn K.K.Í. hefði heimild til að láta fara fram keppni milli svæðanna, áður en komið væri til lokakeppninnar.

Það var einróma álit nefndarinnar, að með tilliti til þeirra utanbæjarliða sem í úrslitakeppni kæmust, bæri að útiloka I. deildarliðin frá keppninni, a.m.k. til að byrja með. Vist mætti telja, að það utanbæjarlið sem lenti í úrslitaleik við sterkt I. deildarlið veigraði sér við frekari þáttöku og drægi kjark úr öðrum.

Svæðaskipting var bezt talin miðast við bandalög og sambönd, en beint tekið fram í reglugerðinni, að ætlast væri til, að einstök félög innan þeirra végbanda sendu lið sín, en ekki sameiginlega í þeim tilgangi, að fá sem flesta til þáttöku. Tala svæðahna þótti heppilegust vera ákveðin 8.

Ljóst má vera, að ýmsir vankantar kunna að vera á reglugerðinni og sumt kunni betur á annan veg að fara. Slíkt mun reynslan leiða í ljós og æskilegt er, að keppnisæðilar komi athugasemdum sínum og tillögum á framfari.

2. Tæknimerki:

Mjög mikill áhugi á knattbrautum ríkti á landsbyggðinni á liðnum starfsari og gefur það glögga hugmynd um áhuga unglings fyrir körfuknattleik og gefur glæstar vonir um körfuknattleiksmenn framtíðarinnar.

Skýrsla um tekin knattbrautarstig 1964 - 1965:

Félag eða skóli:	Gull	Silfur	Bronz	Járn
Barnask. í Stykkishólmi			2 (1)	7
Miðskólinn í Stykkishólmi		28 (17)		27
UMF Snæfell			7	9
Héraðsskólinn Núpi	32 (32)	99 (99)		124
UMFM			1 (1)	4
Héraðsbandalag V-Ísafj. sýslu				15
	32 (32)	137 (118)		186

Tölur gefnar í sviga er fjöldi þeirra er áður hafa lokið lægra stigi.

Upplag knattbrautabæklinganna braut s.l. vor og annaðist nefndin endurskoðun og breytingar frá fyrri skilyrðum fyrir töku ýmissa brauta. Einnig sá nefndin um breytingar á skýrslum vegna tæknimerkja, þar eðh hinari fyrri voru á margan hátt óhentugar, en auk þess var upplag þeirra á brotum.

3. Þjálfaranáskeið - Kennsla í körfuknattleik:

Porkell Steinar Ellertsson veitti forstöðu þjálfaranámskeiði á Akureyri dagana 1. og 2. maí. Flutti hann fyrirlestra og sýndi kennslukvikmyndir, ásamt verklegri kennslu. Aðsókn var mjög góð og þótti námskeiðið vel heppnað í alla staði.

Í ráði var að efna til þjálfaranámskeiðs á Selfossi s.l. sumar, en horfið var frá því, með tilliti til þess, að mun betri aðsóknar væri að vænta með haustinu.

Sigurður P. Gíslason, íþróttakennari, fór á vegum K.K.Í. til

í safjarðar og dvaldi þar dagana 9. - 14. september. Kenndi Sigurður þar þrjár klst. dag hvern í sex daga og einnig sýndi hann kennslukvikmyndir í körfuknattleik. Æfingar voru mjög vel sóttar og mikill áhugi ríkjandi.

Bogi Þorsteinsson var viðstaddur íþróttamót að Núpi í boði Sigurðar Guðmundssonar íþróttakennara. Flutti Bogi þar erindi um uppruna og sögu körfuknattleiksíþróttarinnar og sýndi kennslukvikmyndir. Hann var einnig viðstaddur úrslitaleikinn í bikarkeppninni á Vestfjörðum og kveður Bogi áhuga fyrir körfuknattleik vera þar með ein-dænum mikinn þrátt fyrir slámar aðstæður.

Stjórn K.K.Í., í samráði við dómarafélagið í körfuknattleik (KKDÍ) sá um framkvæmd keppni í körfuknattleik á landsmóti ungmennafélaga á Laugarvatni s.l. sumar. Lagði stjórnin þar til dómara, ritara og tímaverði. Keppnin fór mjög vel fram og vakti mikla athygli. Enda var samþykkt á Sambandsþingi UMFÍ að körfuknattleikur verði frá vegis kepnisgrein á Landsmóti UMFÍ.

4. Gengið var endanlega frá samningi milli f.K.Í og K.K.Í um þjálfaranámskeið og fer samningurinn hér á eftir:

Reglugerð um þjálfaranámskeið f.K.Í og K.K.Í.
og samningur milli f.K.Í og K.K.Í. um rekstur súkra námskeiða.

I. kafli:

1. grein.

Námskeiðin eru í þrem stigum.

2. grein.

A

Námskeið I. stigs.

Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri. Meðmæli frá félagi þeirra fylgi umsókn. Kennt skal samkvæmt námsskrá. Kennslustundir samtals 25.

B

Námskeið II. stigs.

Umsækjendur skulu hafa tekið þátt í námskeiði I. stigs og lokið því. Kennt skal samkvæmt námsskrá. Kennslustundir samtals 35. Námskeiðinu lýkur með prófi.

C

Námskeið III. stigs.

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi II. stigs og staðizt það. Meðmæli frá félagi þeirra fylgi umsókn. Ennfremur leggist fram vottorð þess efnis, að umsækjandi hafi starfað, milli námskeiða, sem þjálfari í körfuknattleik. Kennt skal samkvæmt námsskrá. Kennslustundir samtals 40. Námskeiðinu lýkur með prófi.

II. kafli:

3. grein.

Eftir því sem fé er til, efnir íþróttakennaraskóli Íslands (f.K.Í) og Körfuknattleikssamband Íslands (K.K.Í.) til námskeiða fyrir þjálfara í körfuknattleik, samkvæmt því sem greint er frá í reglugerð þessari og samningi.

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands, stjórnir Héraðssambanda eða körfuknattleiksráð í þeirra umboði skulu auglýsa námskeiðið í íþróttahéraðinu og leita eftir þátttakendum.

Fyrir nánar auglýstan tíma skal stjórn Héraðssambands eða körfuknattleiksráð, sækja til K.K.Í. um að námskeið verði halddið. Slíkri umsókn burfa að fylgja nöfn væntanlegra þátttakenda og meðmæli

frá félagi því, sem þeir eru skráðir meðlimir í.

Stjórn K.K.Í. kemur síðan beiðninni á framfæri við skólastjóra Í.K.Í.

Í samráði við umsækjendur ákveður skólastjóri Í.K.Í. og stjórn K.K.Í. hvar og hvenær halda skuli námskeið og á hvaða stigi.

4. grein.

Samvinna sú milli Í.K.Í. og K.K.Í. um rekstur námskeiða, sem hér er að framan lýst, byggist á því, að Í.K.Í. greiði laun kennara og leigu á íþróttahúsi. Þá greiðir Í.K.Í. ferðakostnað kennara samkvæmt reikningi, ásamt dagpeningum samkvæmt þeim reglum, er gilda á hverjum tíma vegna ríkisstarfsmanna.

Kennara, sem Í.K.Í. ræður til starfs á námskeiði, þarf stjórn K.K.Í. að samþykkja.

Kennari er ábyrgur starfa sinna að námskeiðinu gagnvart Í.K.Í. og K.K.Í. Hann skilar þessum stofnunum báðum nákvæmri skyrslu um námskeiðið og nafnaskrá yfir þáttakendur, þar sem fram kemur búsealdur, námsárangur og störf innan íþróttahreyfingarinnar.

Skólastjóri Í.K.Í. og kennari námskeiðsins setja þáttakendu reglur varðandi aga og ástundun.

III. kafli:

5. grein.

Stjórn K.K.Í. leggur kennara til námsskrá vegna þess námskeiðs, sem fara skal yfir á hverju stigi. Skólastjóri Í.K.Í. þarf að samþykkja hana.

Stjórn K.K.Í. og kennari semja prófverkefni og ákveða hvernig þau skulu löggð fyrir.

Stjórn K.K.Í. annast um að útvega hæfa menn úr héraði, ef tök eru á til prófdómarastarfa og skal val þeirra háð samþykki skólastjóri Í.K.Í.

6. grein.

Próf skulu vera munnleg, skrifleg og verkleg. Þeir er hlotið hafa 5,00 í aðaleinkunn og eru að domi kennara hæfir til að taka að sér störf körfuknattleiksþjálfara, teljast hafa staðizt próf. Þáttaka í námskeiði I. stigs veitir aðeins heimild til þáttöku í námskeiði II. stigs.

Gera skal skírteini, sem þáttakendur, er ljúka námskeiði fá afhent.

Viðurkenning fyrir þáttöku í námskeiði I. stigs skal fylgja umsókn um þáttöku í námskeiði II. stigs. Þáttakandi í námskeiði I. stigs skal leggja fram skírteini um þáttöku í námskeiði II. stigs.

Í skírteininu skal greint frá því, að þáttakandi sé hæfur þjálfari í körfuknattleik.

A skírteinið skal einnig vera hægt að skrá umsögn um þjálfara-störf handhafa.

Undir skírteinið rita skólastjóri Í.K.Í., formaður K.K.Í. og kennari.

IV. Kafli.

7. grein.

Ágreining, ef rísa kann, vegna þessarar samvinnu Í.K.Í. og K.K.Í. skal afgreiða á fundi, þar sem sæti eiga skólastjóri Í.K.Í. formaður K.K.Í. og íþróttafulltrúi ríkisins.

8. grein.

Reglugerð þessi og samningur taka gildi, þegar samþykkt hefur verið af báðum aðilum, og er í gildi þar til skólastjóri Í.K.Í. eða formaður K.K.Í. óskar uppsagnar.

Fellur reglugerðin og samningurinn úr gildi 3 mánuðum eftir uppsögn annars hvors aðilans.

Reykjavík, 24. september 1965

Bogi Þorsteinsson (sign)
(form. K.K.Í.)

Árni Guðmundsson (sign)
(skólastj. Í.K.Í.)

Bikarkeppni:

Með tilkomu bikarkeppni K.K.Í. virðast körfuknattleiksmenn nu land allt hafi fengið verðust verkefni að glíma við. Í þessa fyrstu keppni sendu 16 lið þáttökutilkynningar og ríkti mikill áhuði fyrir keppninni og ýmsir efnilegir körfuknattleiksmenn komu fram á sjónarsviði og fyllsta ástæða er til að ætla að þátttaka verði enn betri næsta sumar. Keppnin þótti takast mjög vel og er þá vel af stað farið. Ekki er að efa að bikarkeppnin verður góð lyftistöng körfuknattleiks í framtíðinni.

Úrslit leikja:

I. riðill:

UMF Skallagrímur - UMF Snæfell	63 : 60
í framlengdum leik, eftir venjulegan leiktíma var staðan	58 : 53

II. riðill:

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar - Íþróttafél. Grettir	
Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar - Íþróttafél. Stefnir	47 : 41
Íþróttafélagið Grettir - Íþróttafélagið Stefnir	21 : 42

III. riðill:

UMS V-Húnvetninga - Tindastóll	55 : 38
Íþróttafél. Pór - Knattspyrnufél. Akureyrar	63 : 50
Íþróttafél. Pór - UMS V-Húnvetninga	84 : 27

IV. riðill:

UMF Selfoss - Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	40 : 31
UMF Laugardals - UMF Hrunamanna	62 : 41
UMF Selfoss - UMF Laugardals	90 : 53

V. riðill

Ármann - K.R.	50 - 40
Ármann - Í.R.	49 - 36

Undankoppni milli I. og II. riðils:

Körfuknattleiksfél. Ísafjarðar - UMF Skallagrímur 46 : 45

Úrslitakeppni fór fram í Reykjavík 2. og 3. október í íþróttahúsinu við Hálogaland. Keppni var þannig háttar að þá var einnig keppt um hver skyldi hljóta 3. og 4. sætið. Úrslit urðu þessi:

Körfuknattleiksfél. Ísafjarðar - Ármann	35 : 77
Íþróttafélagið Pór - UMF Selfoss	55 : 49

UMF Selfoss - Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar	56 : 27
Ármann - Íþróttafélagið Pór	46 : 26

- Glímuþelagið Ármann bikarmeistari
- Íþróttafélagið Pór
- UMF Selfoss
- Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar

Smyvinnutryggingsar gáfu glæsilegan verðlaunabíkar, sem er fær með gripur, en bikarnum fylgir veggskjöldur, sem sigurvegari hlýtur til eignar.

Reykjavíkurmót.

Reykjavíkurmót í körfuknattleik var haldið í nóvember og deseember 1964. K.K.R.R. sá um frankvæmd mótsins. Sigurvegarar í einstökum flokkum urðu þessir:

Mfl. f.R.
1.fl. f.R.
2.fl. f.R.
3.fl. f.R.
4.fl. K.R.

Akureyrarmót 1965.

K.A.	-	Pór a	74:58
Í.M.A.	-	Pór b	61:54
Pór a	-	Í.M.A.	76:61
K.A.	-	Pór b	78:60
K.A.	-	Í.M.A.	70:51
Pór a	-	Pór b.	80:52

Akureyrarmeistarar 1965 K.A.

Norðurlandsmót 1965

Pór a	-	Pór b.	60:30
K.A.	-	Í.M.A.	108:43
pór a	-	Í.M.A.	59:42
K.A.	-	Pór b	46:35
Í.M.A.	-	Pór b	43:35
Pór a	-	K.A.	66:61

Norðurl.meistarar 1965 Pór a -lið.

Íslandsmótt 1965.

Úrslit í leikjum meistaraflokka I. deildar.

K.R.	-	Ármann	55:45
K.F.R.	-	Í.S.	51:36
K.R.	-	Í.S.	85:48
K.R.	-	Í.S.	95:32
Árm.	-	K.F.R.	54:45
K.R.	-	K.F.R.	87:49
Í.R.	-	Árm.	51:42
K.R.	-	Ármann	55:38
Í.R.	-	K.F.R.	82:55
Í.R.	-	K.R.	70:57

Í.R.	-	Í.S.	93:49
Ármann	-	Í.S.	61:35
K.R.	-	K.F.R.	86:55
Í.R.	-	Árm.	71:42
Árm.	-	Í.S.	68:33
Í.R.	-	K.F.R.	75:53
Árm.	-	K.F.R.	69:61
Í.R.	-	Í.S.	98:48
K.F.R.	-	Í.S.	62:36
K.R.	-	Í.R.	61:48

10 stigahæstu menn	leikir	stig	vill.	tekin	K.R. - f.R.	64:54	í úrsl.I.
				vítak.	par af	%	í vítak.
Einar Bollas.	K.R. 8(9)	170(199)	16(18)	52(61)	30(37)	57,7(60,6)	
Gunnar Gunnarss.	K.R. 8(9)	134(142)	15(17)	13	8	61,5	
Pórir Magnúss.	K.F.R. 8	126	17	47	26	55,3	
Þorsteinn Hallgrímsson.	f.R. 8(9)	111(128)	12(15)	27(33)	19(22)	70,3(66,6)	
Marínó Sveinss.	K.F.R. 8	97	18	10	5	50,0	
Hólmst. Sigurðss.	f.R. 8(9)	89(91)	18(23)	8(10)	b 5(7):	62,5(70,0)	
Kolbeinn Pálss.	K.R. 8(9)	86(88)	21(26)	20	8	40,0	
Birgir Jakobss.	f.R. 8(9)	83(97)	20(21)	18	9	50,0	
Sigurður Ingólfss.	Á., 8	79	30	34	7	20,6	
Sigurður Helgas.	K.F.R. 7	77	27	25	11	44,0	

<u>Lið:</u>	<u>Leikir:</u>	<u>Unnið:</u>	<u>Tapað:</u>	<u>Stig:</u>
K. R.	8 (9)	7 (8)	1	14 (16)
Í. R.	8	7	1 (2)	14
Ármann	8	4	4	8
K. F. R.	8	2	6	4
Í. S.	8	0	8	0

<u>Lið</u>	<u>Tekin vítak:</u>	<u>Heppnuð vítaköst:</u>	<u>% í vítaköstum:</u>
K. R.	174 (185)	85 (93)	48.85 (50.27)
Í. R.	109 (125)	66 (76)	60.50 (60.80)
Ármann	135	57	42.22
K. F. R.	116	59	50.86
Í. S.	148	55	37.00

<u>Lið:</u>	<u>Skoruð stig:</u>	<u>Gégn:</u>	<u>Peir skora:</u>	<u>Villur dæmdar á lið samt.:</u>
K. R.	581 (645)	385 (439)	46.9% meira en andst.	123 (142)
Í. R.	588 (642)	407 (471)	36.3% " " "	139 (157)
Ármann	419	406	3.2% " " "	148
K.F.R.	431	525	17.9% minna en andst.	134
Í. S.	317	613	48.3% " " "	127

2336 (2454) 2336 (2454)

II. deild.

- | | | |
|--------------------------------|--------|---|
| 1. Í.K.F. | 6 stig | |
| 2. Héraðssambandið Skarphéðinn | 4 " | Lið Menntaskólans á Laugarvatni keppti sem gestur í mótinu og hlutu 6 stig. |
| 3. UMF Skallagrímur | 2 " | |
| 4. UMF Snæfell | 0 " | |

Önnur úrslit voru þessi:

1. flokks K.R.
 2. " Í.R.
 3. " Í.R.
 4. " Ármann
2. fl. kvenna. UMF Snæfell.

Bikarkeppni við varnarliðsmenn

Í hinni árlegu bikarkeppni milli úrvals varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurúrvals báru reykvískir körfuknattleiksmenn enn sigur úr býtum. Sigruðu þeir með yfirburðum í fjórum af fimm leikjum keppninnar.

Evrópukeppni landsliða

Evrópukeppni landsliðaí körfuknattleik fór fram í Sovétríkjunum á tímabilinu 30. maí til 10. júní. Úrsli: urðu sem eftirfarandi:

1. Sovétríkin, Evrópumeistarar
2. Júgóslavía
3. Pólland
4. Ítalía
5. Búlgaría
6. Ísrael
7. Tékkóslóvakía
8. Grikkland
9. Frakkland
10. A.-Þýzkaland
11. Spánn
12. Finnland
13. Rúmenía
14. V.-Þýzkaland
15. Ungverjaland
16. Svíþjóð.

<u>Íslandsmeistarar í körfuknattleik.</u>	
1952	Í.K.F.
1953	Í.K.F.
1954	Í.R.
1955	Í.R.
1956	Í.K.F.
1957	Í.R.
1958	Í.K.F.
1959	Í.S.
1960	Í.R.
1961	Í.R.
1962	Í.R.
1963	Í.R.
1964	Í.R.
1965	K.R.

Skýrsla laga- og leikreglnanefndar KKÍ.

í laga- og leikreglnanefnd KKÍ störfuðu þeir Davíð Helgason og Ingvar Sigurbjörnsson, auk formanns nefndarinnar Halldórs Sigurðssonar.

Dómaranámskeið.

Dómaranámskeið var haldið á Akureyri helgina 13.-14. mars. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Guðjón Magnússon, en með honum fór Halldór Sigurðsson frá KKÍ. Móttökur á Akureyri voru með eindænum góðar, kennslan fór fram í íþróttahúsi Ágnfræðaskólans báða dagana, en námskeiðinu var slitið eftirmiðdag þess 14. í kaffisamsæti sem í.B.A. hélt nemendum og kennurum að Hótel KEA. Þar sýndi Halldór Sigurðsson stutta kennslumynd í körfuknattleik og rakti sögu körfuknattleiksins. Að allra áliti tókst námskeið þetta með ágætum og útskrifuðust eftirtaldir dómarar, eftir munnlegt prof:

Bjarni F. Jónasson, Akureyri
Brynjólfur Snorrason, Akureyri
Gunnlaugur Ingólfsson, Akureyri
Hörður Tulinius, Akureyri
Jón Friðriksson, Akureyri
Sigurður Jakobsson, Akureyri
Skjöldur Jónsson, Akureyri
Björn Blöndal, Ólafsfirði
Ólafur Árnason, Ólafsfirði
Kristófer Þorleifsson, Eskifirði
Þórður Ólafsson, Reykjaskóla, Hrútafirði
Bjarni G. Sveinsson, Vestmannaeyjum.

Ráðgert var dómaranámskeið að Laugarvatni, en vegna prófa nemenda skólanna, var fallið frá því að sinni.

Í janúar var auglýst dómaranámskeið í Reykjavík, en þar sem aðeins tveir aðilar sóttu um þátttöku, varð ekki af námskeiðinu.

13. dómaranámskeið fyrir alþjóðadómara haldið í Frankfurt 1965.

Dagana 17. til 20. júní, hélt Evrópu- og Miðjarðarhafsdeild F.I.B.A. sitt 13. námskeið fyrir milliríkjadómara og landsliðspjálfara, í Frankfurt, Þýzkalandi. Megin tilgangur námskeiðsins var að útskriða nýja milliríkjadómara, en einnig var bent á þá nauðsyn, að þjálfarar fengju sem gleggsta vitneskju, um áhrif dómarans, á gang leiksins. Körfuknattleikssambandið sá sér fært að styrkja menn til fararinnar og var námskeiðið auglýst.

Þrjár umsóknir bárust sambandinu. Frá körfuknattleiksdómurunum. Guðjóni Magnússyni og Guðmundi Þorsteinessyni og körfuknattleikspjálfaranum. Porkeli Steinari Ellertssyni. KKÍ taldi alla framtalda aðila fullnægja þeim skilyrðum sem til þurfti og fóru þeir utan þann 15. núní.

Þess má geta að íslenzkir körfuknattleiksmenn hafa aldrei áður farið utan í erindagerðum sem þessum og má því segja að þetta hafi verið stórt skref í framfara átt.

Á árinu var hið alþjóðlega leikskýrsluform endurskoðað og breytt. KKÍ hefur undirbúið prentun á all stóru upplagi af leikskýrslum í sambærni við breytingar F.I.B.A. Munu eintök verða send sambandsaðilum á næstunni.

Dómaranánskeið í Frankfurt, 17-21. júní 1965.

Dagana 17. júní til 20 júní sátu við 3 Íslendingar, Guðm. Þorsteinsson, Þorkell Steinar Ellertsson og undirritaður, ráðstefnu FIBA fyrir alþjóðadómara og þjálfara. Ráðstefnan var haldin í Frankfurt í Þýzkalandi, nánar til tekið í húsakynnum íþróttaskóla nálægs knattspyrnusambands, hinum fegurstu byggingum, ca. 15 km. Frankfurt.

Ráðstefnan hófst 17. júní kl. 9 f.h., með skrásetningu allra páttakenda, sem voru um 150 víðsvegar úr Evrópu, auk gesta frá U.S.A. Síðar var ráðstefnan sett af aðalritara FIMA, R. William Jones.

Upphoflega hafði verið gert ráð fyrir að túlkað yrði á 3 tungumálum, þ.e. frönsku, ensku og þýzku, en í fyrstu reyndist allt í mesta ólagi með túlkun, þannig að yfirleitt heyrðist í öllum túlkunum santímis. Þessu var þó kippt í lag síðar um daginn.

Fyrsta erindið á nánskeiðinu var flutt af Frakkanum Robert Busnel og var um túlkun reglnanna á Olympiuleikunum í Tokyo. Kon fram mikil gagnrýni á dómara á þessum Olympiuleikum og þó einkum þeim eldri, sem ræðumaður hvað vera úr æfingu og með of mikil af eigin túlkunum á hinum ýmsu vafaatriðum.

Margt var nerkilegt í ræðu þessari, en athyggisverðust sú röksem, að Bandaríkjanenn léku skemmtilegri og auðveldari körfuknattleik, heldur en Evrópumenn: Vegna þess að í Ameríku leitar maður með knöttinn að körfunni, í Evrópu leitar maður með knöttinn að miðherjanum (pivot player)

Einnig sú staðreynd, að eftir dónum átti varnar-miðherji er gætir sóknar-miðherja (pivot) 75% af varnarvillum, en eftir kvikmyndum og öðrum sönnunargögnum, væri raunverulega mikill fjöldi af varnarvillum þessum, sóknarvillur á "pivot"-leikmanninn, en vegna þess hve oft báðir dómarrarnir fylgdu stefnu boltans, fera flestar villur pivotleikmanns, þóur en hann fær knöttinn, framhjá dónumurum.

Það yrði of langt nál að ræða hér hvert erindi og atriði, sem fram kom á þessu nánskeiði og læt ég nægja að drepa á það helzta.

Eftir hádegi þennan sana dag fór Mr. Jónes í reglurnar og hélt því áfran morguninn eftir og fram eftir degi allt til kl. 1900, en mæta áttum við Guðmundur um kvöldið til að dæma.

Ég átti fyrsta leik, fyrrihálfleik og dæmdi á móti Svisslending. Guðmundur átti hinsvegar að dæma í öðru leikfini húsi skammt frá. Mér fannst mér ganga sæmilega, en tók fljótt eftir hinum ógurlegu handsveiflum og tilburðum, er sandónari ninn sýndi og furðaði mig stórum. Síðar kom í ljós, að samband allnáð hefir tekist milli hljómsveitarstjórnar og dómistarstarfa, eða svo má ætla eftir því sem ég varð vitni að í þessum leik og öðrum, sen á eftir fylgdu. Því miður fór svo að við Guðmundur höfðum ekki þessa eiginleika til að bera og tel ég það hafa haft mikil að segja, því að eins og okkur var tjáð síðar, er verklega prófið númer eitt og það nunnlega ekki eins mikilvægt.

Frófnefnd skipuðu 4 nenn og voru 4 prófnefndir starfandi. Sátu prófnefndarmenn þannig meðan á leikjunum stóð, að einn sat við hvert horn leikvallarins. Fylgdust þeir því gaungæfilega með því er fram fór.

Annað er það sem ég frétti eftir leik þann er ég dæmdi, en það var það, að óheimilt er að dómari fari inn á leikvöllinn meðan boltinn er ó leik, heldur aðeins er knötturinn er úr leik. Þetta er atriði, sem ég get alls ekki fellt mig við og því sifður farið eftir, vegna þeirra aðstæðna, er hérlendis ríkja, þar sem eini staðurinn fyrir dómarrann er á vellinum sjæfum og fyrir endamörkum.

Morguninn eftir sýndi Frakkinn Busnel bráðsnjallar kennslu-myndir fyrir dómarar, þar sem tekin voru fyrir hverskonar leikbrot og sýnd hægt, til að auðvelda viðstöddum. Þarna kom býsna margt fram, sem vakti furðu okkar, svo sem hin geysistranga túlkun á skrefnum og fjölda þeirra. Svo og hve miklu oftar er rétt að dæma sóknarvíti, heldur en gert er.

Það fannst nér furðulegt, að þessi mynd var ekki sýnd fyrir verklega prófið, því að af henni skýrðist margt.

Eftir hádegi pennan dag fór frá verklega prófið hjá þeim er ekki tóku það kvöldið áður.

Við félagarnir notuðum þennan stutta frítíma til að skoða dýragarðinn í Frankfurt, sem er viðfrægur.

Þaginn eftir var svo munnlega prófið. Þetta var hvað mér viðkom alger 3. gráðu yfirheyrzla á sánku, ensku og þýzku. Um kvöldið var síðan boðið til keiluleikshallar einnar mikillar og fengu þáttakendur að spreyta sig á keiluleik frá eftir kvöldi.

Lokaorð:

Þessi ráðstefna var að nörguleyti misheppnuð, aðallega í framkvæmdaratriðum. Þar nægir að ninnast á hve erfitt var að búa 40-50 km. frá fundarstaðnum og þurfa að þvælast á milli fundarstaðs og hótels í langferðabíl og þurfa sant að samlagast hinni ströngu dagskrá mótsins, sen greinilega var miðuð við að þáttakendur dveldust á fundarstað, en þar konust aðeins ca 60 af þátt. fyrir.

Um gagn af ráðstefnu þessari þarf ekki að fjölyrða. Eg tel mig hafa lært geysimargt á þessari ráðstefnu, ekki eingöngu á fyrilestrum, heldur einnig á santölum við ýmsa þáttakendur frá öðrum löndum, sérstaklega frá Englandi og Skotlandi.

Hefir mér orðið ljóst, að miðað við þá skipan, er þessar þjóðir hafa á dómaranálu sínum, þá eru dómaranál okkar á algjeru steinaldarstigi.

Algengasta fyrirkomulagið er að dómarastigum sé skipt í:

1. félagsdómara, þ.e. getur dæmt innanfélagsmót.
2. héraðsdómara, þ.e. geta dæmt innan héraðs.
3. landsdómara, getur dæmt á landsmóti.

Landsdómurum er síðan skipt eftir deildum, þ.e. 1. deildardómurum og 2. deildardómurum.

Fyrir sérhvert af þessum stigum þreyta nenn próf, skriflegt og verklegt og fyrir landsdómararéttindi er 8 daga nánskeið.

Síðar, ef þörf er á alþjóðadómurum, þá eru einhverjur af landsdómurunum tilnefndir og þá hefst enn eitt nánskeiðið.

Eins og þið sjáið er hér harla ólíkt um að litast, samanborið við þá nennntun, sem íslenzkir dómarar hljóta, áður en flautunni er stungið ipp í þá.

Hér þarf margt að lagfæra. Auðvitað kenur ekki til greina að taka upp nákvæmlega þetta kerfi, heldur nota uppistöðu þess.

Fyrsta skerfið er að flokka alla körfuknattleiks dómarar á Íslandi upp á nýtt. Ekki eftir starfsaldri, eins og hingað til, heldur eftir getu. Þessari reglu verði svo holdið áfram.

2. Endurvekja þarf hinn hálfdaða félagsskap, er nefnist KKDF, (körfuknattleiks dómarafélagið) og fá það til að helga sig aðalmarkmiðinu, þ.e. að samræma túlkun dómarar á einstökum atriðum.

3. Hafi KKDF í hyggju að senda dómarar á alþjóðaráðstefnu, þarf að þjálfa þann nann sérstaklega, því neð fullri virðingu fyrir íslenzkum dómarum myndi enginn þeirra standast hið strængu próf, sem þar býður, miðað við núverandi aðstæður, enda til of nikils ætlast. Ekki er það að hæfileikana vanti, heldur kunnáttuna.

Flestir þeirra, er reyndu við alþjóðadómaraprófið í Frankfurt, höfðu 10-15 ára reynzlu og voru á milli 30 og 40 ára.

Hvernig er þá hægt að atlast til, að ísl. dómarar, með 2-3 ára starfsreynslu, 6-10 leiki á ári, standi þeim á sporði?

Auk mikilsvægasta atriðsins í máli málanna. BENDINGARNAR ...
Er nema eðlilegt, að ísl. dómurum, sem vanir eru köllum og hrópum Hálogalands, fatist þegar skyndilega á að fara að dæma með bendingum og það á þýðingarniklu augnabliki. Er ekki eðlilegt að þeim óvana verði á að hugs þegar hann sér brotið, hvernig var nú þessi bending og loks um síðir er hann ratar á rétt, er öllum viðstöddum ljóst að þarna er veiki hlekkurinn og það mikilvægur hlekkur.

Nei, eins og áður er sagt, er tvennt nest aðkállandi í dómaramálum hér á landi, það er: L. Flokkun dómara og breyting á kröfum um getu þeirra.

2. Taka upp bendingar og bendingar eingöngu.

Ég vil að lokun þakka K.K.I. fyrir þetta einstæða tækifæri, sem okkur þremmenningunum gafst með þessari ferð og vona og treysti því að stjórni KKÍ, sjái sér fært, í samráði við KKDI, að lagfæra þá galla, er komið hafa fram og fari með því dónaramál íslenzkra körfuknattleiksmanna á næra stig.

Reykjavík 19. júlí 1965

Guðjón Magnússon.

Þessir aðilar hlutu oddfána kl. 3 árinu:

Íþróttafélagið Pór, Akureyri, UMF Selfoss og Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar, allir í tilefni af þátt. í fyrstu úrslitakeppni í Bikarkeppni KKÍ.

Erlendir aðilar:

Hofstra University, Long Island, New York.

People to People Sports Inc., New York.

The Capitols, Bolling AFB, Washington D.C.

District of Columbia AAU All Stars, Washington D.C.

Catholic University of America, Washington D.C.

Gallaudet College, Washington D.C.

Plattsburgh State University College, Plattsburgh N.Y.

Potsdam State University College, Potsdam N.Y.

Carleton University, Ottawa, Canada.

St. Michaels College, Winona, Vermont.

Plymouth State University College, Plymouth, New Hampshire.

St. Anselms College, Manchester, New Hampshire.

Mr. Wally Lord, ristj. Converse Basketball Yearbook.

Mr. "Chuck" Taylor.

Massachusetts Institute of Technology, Cambridge Mass.

Mr. Bill Russell, fyrirliði Boston Celtics.

Mr. Red Auerbach, þjálfari Boston Celtics.

Mr. Dolph Schayes, þjálfari Philadelphia 76ers.

Mr. Bill Mokray, höfundur Ronald Encyclopedia of Basketball.

U.S.A. og Kanadaför á vegum People to People Sports.

Eins og getið var í skýrslu stjórnarinn á þinginu í fyrra, þá hafði félagskapurinn People to People Sports Inc. í Bandaríkjum boðið íslenzka landsliðinu í keppnisför til Bandaríkjanna og Kanada. Var hér um óvenju hagstætt tilboð að ræða, sem ákveðið var að taka, endaþótt engum kæmi til hugar, að hér yrði um sigurför að ræða. Taldi stjórn KKÍ að hér mundi leikmönnum okkar gefast kostur að kynnast því bezta í þessari íþróttagrein, hjá fremsti körfuknattleiksþjóð heimsins.

Landsliðsnefnd valdi í október s.l. 12 pilta til fararinna, en þeir voru þessir: Þigir Örn Þórhilfusson og Sigríður Þórhilfusson frá Þórhilfum. Jón Jónasson og Þorsteinn Hallgrímsson frá ÍR, Ólafur Thorlacius frá KFR og Einar Bollason, Gunnar Gunnlaugsson, Hjörtur Hansson, Guttormur Ólafsson, Kristinn Stefánsson og Kolbeinn Þálsson frá K.R.

Landsliðsþjólfari var ráðinn Einar Ólafsson íþróttakennari og fararstjóri Bogi Þorsteinsson form. KKÍ.

Farið var utan með Loftleiðum 27. desember og komið til New York um eftirmiðdaginn. Strax fyrsta kvöldið var liðið gestir Ed Sullivan á sjónvarpsþætti hans í New York og var liði kynnt fyrir sjónvarpsþorffendum. Áætlað er að 40-60 milljónir manna sjá hina vikulegu sjónvarpsþætti Ed Sullivan.

Bann 28. des. keppti liðið við Hofstra University, Long Island. Tapaðist síðan leikur 82:58. Í liði Hofstra var Steve Nissenson, sem árið áður var hæztur yfir öll Bandaríkin með 92.3% hitni í vítköstum og aukk þess með 27 stig að meðaltali í leik. Lið Hofstra University komst í fyrra í úrslitakeppni háskólalíða í Bandar. og hefir nörg undanfarin ár verið í röð fremstu liða á austurströndinni.

Áður en leikurinn við Hofstra hófst, afhenti formaður KKÍ Mr. Milton, varaforseta People to People, oddfána sambandsins, en klaut í staðinn merki People to People handa KKÍ.

Þorsteinn Hallgrímsson fyrirliði landsliðsins afhenti liði Hofstra oddfána KKÍ og hljómplötu Savannatriósins.

Annar leikur landsliðish var kvöldið eftir, eða 29. des. í Washington D.C. Keppt var við úrvallslið íþróttafélaga úr höfuðborginni, eða District of Columbia AAU All Stars. Sá leikur var fjörugur og skemmtilegur og stóð 38:37 í hálffleik fyrir okkar menn. Leiknum lauk þó með sigri All Stars 91:76 og voru þetta þó betri úrslit, heldur en nenn höfðu þorað að vona.

Hljómsveit bandaríksa flughersins lék þjóðsöngva beggja lands fyrir leikinn og heiðursvörður úr flughernum stóð með fána Islands og Bandaríkjanna á leikvellinum á meðan. Var þetta hátíðleg athugi.

Friðji leikurinn á þremur dögum, var leikinn í "Washington K.I.D. e.h. bann 30.des. Var keppt við "The Capitols", sem er úrvallslið Bolling AFB og talið eitt sterkasta körfuknattleikslið innan flughers Bandaríkjanna. Sem dæmi nái nefna að þetta lið hafði nokkrum dögum sigrarð lið frá bandaríksa flotanum 138:49.

"The Capitols" reyndust hávaxnari og sterkari heldur en okkar menn. Voru liðsmenn allir þeldökkir, utan einn og meðal þeirra var t.d. varamaður úr Olympiuliði Bandaríkjanna.

Okkar nenn byrjuðu vel og konust í 20:16, en leikurinn endaði 93:68, eða með 25 stiga mun fyrir The Capitols. Var leikþreytaðarinn að segja til sín, auk þess sem mótherjarnir höfðu haft tækifæri til að horfa á okkar lið daginn áður og gátu skipulagt leik- aðferðir sínar í samræni við það.

Prátt fyrir ósigurinn var leikurinn mjög vel leikinn á köflum og liði okkar vel tekið af áhorfendum.

Hátíðleg setningaráthöfn var einnig fyrir þennan leik, liðsmenn kynntir og einnig kynntur Ingvar Ingvarsson sendiráðsritari, sem var fulltrúi sendiráðsins á þessum leik þi stað sendiherrans, sem var á fundum Sameinuðþjóðanna í New York.

Um kvöldið bann 30. var liðinu boðið til "altimore til að sjá leik atvinnuliðanna Baltimore Bullets og meistraranna Boston Celtics.

Íslenzkaliðið var kynnt í hálfleik, en áhorfendur voru yfir 8 þá.

Á gamlársgdag var frí frá keppni, en kl. 9 um morguninn var liðinu boðið að skoða Hvítahúsið, bústað forseta Bandaríkjanna. Boðið kom til liðsins frá Mr. Jack Valenti, einkafulltrúa Johnson forseta. Höfðu menn mikla ánægju af heimsókninni í forsetabundabílinum, en að henni lckinni var farið í móttöku hjá sendiherra okkar heim, Þór Thors og konu hans frú Ágústu. Var dvalið hjá þeim um stund í góðu yfirlæti. Varð það nönnum mikill harmur, er við fréttum látt sigrði herrans nokkrum dögum síðar og nun landslið okkar hafa verit síðast til hópur Íslendinga, er heimsótti Thór Thors sendiherra áður en henni komu.

Á nýjársgdag var liðinu boðið heim til Commander Stephens, með dvalið hafði á Keflavíkurflugvelli um tveggja ára skeið. Var dvalið um daginn í góðu yfirlæti á heimil CDR Stephens og snæddur glasílegur kvöldverður. Rómuðu allir gestrisni þeirra hjóna.

Annan jan. var leikið við Catholic University of America í Washington. Töpuðum við þeim leik 93:62, enda leikurinn frelluð allt leikinn af okkar hálfu, einkum fyrri hálfleikur. Þorsteinn Þorsteinsson stigahæztur með 28 stig. Ágætar móttökur á félagsheinili stíðumtu að leik loknum.

Þriðja jan. var liðinu aftur boðið til Baltimore, nái til að spila leik Baltimore Bullets gegn San Francisco Warriors. Þar fengu meðal að sjá hinn heimsfræga leikmann Wilt Chamberlain. Í hálfleik áttu bekktur íþróttatímamáður, Vince Bagli, viðtal við fararstjóri og var því útværpað yfir útværpsst. WFBR í Baltimore. Liðið kynnt fyrir áhorfendum.

Fjórða jan., leikið við Gallaudet College í Washington. Þessi leikur var ljótur og bar lítinn keim af körfuknattleik, líktist að við áflogun, þar sem hendur annars aðilans eru bundnar. Töpuðum leiknum 92:59 og hefi ég aldrei kynnt jafn hlutdrægum dóum og í þessum leikum. Engin móttaka eftir leikin og enda fátt um kveðjur.

Fimmta jan. Flugið frá Washington til Plattsburgh, New York. Móttökur þar frábærar, svo og allur aðbúnaður. Leikið um kvöldið við Plattsburgh State University College. Töpuðum 93:71, 53:41 í hálfleik. Þetta var skemntilegur leikur, sem var útværpað og viðtökur áhorfenda mjög góðar.

Að leik loknum voru góðar veitingar og fararstjóri sýndi kvímynd frá Íslandi við góðar undirtektir.

Sjötti jan. Ekið með skólavagni frá Plattsburgh til Potsdam. Móttökur ágætar og allur aðbúnaður góður. Leikið gegn Lehigh State University um kvöldið. Erfiður leikur, sem tapaðist 79:40. Lið Potsdam lék sterkestann varnarleik allra þeirra liða, er við mettum í þessari ferð. Þjálfari þeirra hafði ferðast til Plattsburgh til að sjá lið okkar leika og sneið hann leikaðferð sína í samræmi við þessi.

Sjöundi jan. Langferðavagn tekinn á leigu og ekið til Ottawa, höfuðborgar Canada.

Mr. Keith Harris, frankvændarstjóri íþróttatála hjá Carleton University tók á móti liðinu og sýndi okkur frábæra fyrirgreiðslu á meðan við dvöldum þar.

Áttundi jan. Hívildardagur, létt æfing um eftirmiðdaginn, sem var kvíknynduð af fréttanönnum kanadiska sjónvarpsins og viðtal við fararstjórann. Var þessu sjónvarpað með kvöldfréttum og höfðu menn gaman af að sjá sjálfa sig á sjónvarpinu.

Niunda jan. var leikið við gestgjafana Carleton University. Sá leikur var skemntilegur, okkar menn höfðu yfir í hálfleik 87:86 en leikurinn endaði með sigri Carleton 63:62. Þennan leik hafðum við þó sannarlega átt að vinna, en það var eins og heppni gæti ekki fylgt liðinu. Þorsteinn skoraði 26 stig og var bezti meður á velliðum.

Tiunda janúar var ferðast með langferðabíl til Montreal, þar vor farið á bíó, meðan beðið var eftir áætlunarvagninum til Burlington í Vermont í Bandaríkjum. Komið til Burlington laust eftir miðnattíð eftir erfða ferð. Ágætar móttökur, liðinu komið fyrir á gjisti-húsi, en málstíðir snæddar á St. Michaels College.

Ellefti janúar. Leikið við St. Michaels College um kveldið í aðalsamkomusal Burlington, en á leiksviðinu var, hafði Karlakór Reykjavíkur sungið á hljómleikaför sinni um Bandaríkin.

Töpuðum leiknum 81:61, en þó var hér um mjög góðann leik að ræða. Mótherjarnir voru eitt sterkasta liðið, sem við mættum á ferð okkar, enda hafði St. Michaels skorað að meðaltali 105 stig í næstu 5 leikum á undan þessum og "stjarnan" í liði þeirra Dick Tarrant hafði skorað 29 stig að meðaltali í leik yfir allt leiktíma-bilið. Gegn okkur skoraði Tarrant aðeins 13 stig.

Pjálfari St. Michaels sagði í blaðaviðtali eftir leikinn: "Petta var einn af þeim leikjum, sem maður óskar að væru leiknir heima og heiman." Betri meðmáli getur lið okkar tæpast hlotið.

Tólfni janúar. Ekið með skólavagni til Plymouth og leikið við Plymouth State University um kvöldið.

Töpuðum 74:63, en þetta var einn þeirra leikja, sem við hefðum átt að vinna með örлítilli hepni. Móttökur ágætar, liðsmenn gisti hjá stúdentum og kynntust mör gum góðum félögum.

Prettándi jan. Ekið í skólabifreið til St. Anselms College, Manchester, New Hampshire. Búið á mótni um nöttina og þurftum við að greiða þann kostnað sjálfir. Um hádegi 14. jan. fluttum við yfir til St. Anselms og var leikmönnum komið fyrir á herbergjum stúdenta eins og hjá Plymouth State.

Lékum við St. Anselms um kvöldið og töpuðum 78:62. Þetta var þriðji leikurinn, sem við áttum að vinna.

Fimmtándi jan. Ekið í einkabifreiðum frá St. Anselms til Massachusetts Institute of Technology, Cambridge, Mass.

Um kvöldið var liðinu boðið í veglega kvöldverðarveizlu hjá M.I.T. Þar hittum við góðan vin, Mr. John Wood, sem verið hafði kennari hjá KKI sumarið 1963. Voru margar ræður haldnar og þakkaði fararstjóri móttökurnar með nokkrum orðum.

Síðar um kvöldið var liðið gestir, hins heimsfrægs körfuknatt-leiksliðs Boston Celtics, á leik þess við Philadelphia 76ers í Boston Garden. Írhálfleik var liðið kynnt fyrir áhorfendum og fararstjóri kvaddur út á leikvöllinn, þar sem hann afhentti oddfána KKI, þeim Bill Russel, fyrirliða Boston Celtics, Arnold "Red" Auerbach þjálfara Celtics og Dolph Schayes þjálfara 76ers, en Schayes var einn af leikmönnum Syracuse Nationals, er sýndu körfuknattleik í Reykjavík 1955. Þjálfur var Schayes einn af þekktustu leikmönnum Bandaríkjanna.

Sextándi janúar. Blíndhríð í Boston allan daginn. Leikið við M.I.T. um kvöldið og tapaðist sá leikur 80:64. Þessi stigamunur var of mikill eftir gangi leiksins og dómarar voru frámunalega lélegir.


Sautjándi janúar. Flogið til New York kl. 8 um morguninn og flutt inn á Sheraton Atlantic Hotel. Flestir fóru beint í rúmið enda hvíldinni fegnir eftir langt og strangt ferðalag.

Átjándi jan. Dagurinn notaður til verzlunar, en kl. 22 um kvöldið var haldið heimleidis með Loftleiðaflugvél og komið til Keflavíkurflugvallar morguninn eftir.

Bandaríkjja- og Canadaförlandsliðs okkar, eru vera lengsta og erfiðasta keppnisferðalag, sem nokkur íslenzkur íþróttaflokkur hefir farið.

Endabótt engir sigrar fengjust í þessari ferð og við þeim hafði ekki verið búið, bá tel ég að árangur ferðarinnar hafi verið bæði mikill og margvíslegur. Leikmenn okkar fengu að sjá þá keppa, sem í dag standa hæzt í þessari íþróttagrein í heininum. Enn fremurfengu piltarnir okkar að reyna krafta sína við mjög sterk lið, sem voru í topp þjálfun. Sá samanburður er fékkst a getu okkar og þessara liða, er ekki hagstæður í tölum, en teknilega séð stöndum við þessum liðum ekki jafn langt að baki og úrslitatornar gefa til kynna.

Bandaríkjaför landsliðsins var góð landkynning. Fjölda leikja var útværpað og útværps og sjónvarpsviðtöl sánt fjölda blaðagreina vöktu mikla athygli á Íslandi.




1. NOVEMBER 1964 TIL 25. OKT. 1965

Tekjur:

Styrkur frá ísfi Kr. 62.117.98
Íslandsmótt:

Tekjur	Kr. 20.333.15
+ Gjöld	" 6.920,00 " 13.413.15
Vextir	" 158.41
Auglýsingar í leikskráan	" 79.820,00
Styrktarfélagar	" 475,00
Tæknimerki	" 555,65

===== Kr. 156.540,19 =====



H I N N 2 5 . O K T Ó B E R 1 9 6 5 .

Skuldir:

KKRR	Kr.	5.000.00
Bogi Þorsteinsson	"	9.091.86
Valur	"	4.190.00
Bókasjóður ísí	"	4.000.00
Helgi Jóhannsson	"	10.020.00
KKDÍ	"	2.000.00
Július Gúðjónsson	"	4.240.00
Leiftur h/f	"	7.500.00
Ljósmyndastofa Suðurnesja	"	807.00
Listprentun G. Norðfjörð	"	520.00
K.R., ógr. húsaleiga	"	3.000.00
Einar Matthíasson	"	56.10
Magnús Björnsson	"	69.00
Hreinar tekjur skv. rekstrareikn.	Kr. 28.259.56		
+ Skuldir umfr. eignir 1/II 1964	" 6.872.87	"	21.386.69

Kr. 71.880.65

Reykjavík, 26. október 1965,

Gunnar Petersen,
gjaldkeri (sign)

Við undirritaðir höfum endurskoðað framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikning pr. 25. oktober 1965, fyrir Körfuknattleiks-samband Íslands og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 27. október 1965,

Pórir Guðmundsson (sign)
Helgi Sigurðsson (sign)